

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Skálatún nr. 720/2012 með síðari breytingu nr. 830/2016.**

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

12. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Verði ekki lengur þörf fyrir rekstur Skálatúns í núverandi eða breyttu formi, eða rekstur Skálatúns leggst niður af einhverjum ástæðum öðrum, svo sem ef Bindindissamtökin IOGT á Íslandi telji sér ekki fært að reka Skálatún eða samtökin hættu störfum verða eignir Skálatúns eftir sem áður eign sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns. Séð verði til þess að eignir Skálatúns nýtist fólki með þroska- hömlun og til dvalar/hjúkrunar eldri borgara eftir því sem best hentar á hverjum tíma.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Skálatún staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 24. janúar 2019,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrímisdóttir.*